

**From:** Anna G. Björnsdóttir [<mailto:anna.g.bjornsdottir@samband.is>]  
**Sent:** miðvikudagur, 14. febrúar 2018 15:26  
**Subject:** Handbók um íbúasamráð í sveitarfélögum og þátttöku íbúa

Ágæti framkvæmdastjóri/oddviti

Samkvæmt stefnumörkun sambandsins fyrir þetta kjörtímabil skal sambandið styðja sveitarfélögin við að ná tökum á þátttökulýðræði og öðrum nýmælum í lýðræðisátt.

Í samræmi við þetta markmið stóð sambandið fyrir námsferð fyrir sveitarstjórnarmenn til Svíþjóðar haustið 2016 til að kynna sér hvernig sænsk sveitarfélög vinna að íbúasamráði og haustið 2017 stóð það fyrir málþingi til að kynna fyrirmyndarverkefni sveitarfélaga á þessu sviði, sjá <http://www.samband.is/verkefni/lydraedis--og-mannrettindamal/lydraedi-i-sveitarfelogum/>.

Nú hefur sambandið fylgt þessu átaki eftir með því að gefa út handbók fyrir sveitarfélög um íbúasamráð og þátttöku íbúa sem er aðgengileg hér

[http://www.samband.is/media/lydraedi---mannrettindi/Lydraedisrit\\_loka.pdf](http://www.samband.is/media/lydraedi---mannrettindi/Lydraedisrit_loka.pdf)

Þess er vinsamlega farið á leit að handbókin verði kynnt fyrir sveitarstjórn og stjórnendum sviða og stofnana.

Sambandið áformar að fylgja bókinni úr hlaði með kynningarfundum 22. mars nk. frá kl. 14-16. Allir áhugasamir eru velkomnir en sveitarfélög eru sérstaklega hvött til að íhuga þátttöku starfsmanna sem gætu tekið að sér að vera leiðandi í þekkingaruppbyggingu um íbúasamráð innan sveitarfélagsins. Fundurinn verður væntanlega haldinn í húsnæði sambandsins að Borgartúni 30 eftir því sem húsrúm leyfir. Boðið verður upp á fjarfundatengingu.

Vinsamlegast tilkynnið þátttöku til undirritaðar og hvort óskað sé eftir fjarfundapátttöku.

Að lokum vill sambandið kynna að eftir málþingið í haust var stofnaður samráðshópur sveitarfélaga um íbúasamráð. Hér er tengill á hópinn [https://www.facebook.com/groups/144440596147194/?source=create\\_flow](https://www.facebook.com/groups/144440596147194/?source=create_flow). Við fögnum fleiri vinum. 😊

mgkv  
Anna Guðrún



**Anna Guðrún Björnsdóttir**  
sviðsstjóri þróunar- og alþjóðasviðs  
Beint innval: 515 4920  
Netfang: <mailto:anna.g.bjornsdottir@samband.is>

**Samband Íslenskra sveitarfélaga**  
Borgartúni 30, pósthólf 8100 128 Reykjavík  
Sími: 515 4900 // Fax: 515 4903  
[www.samband.is](http://www.samband.is)

---

Vinsamlega athugið að þessi tölvupóstur og viðhengi hans eru eingöngu ætluð þeim sem tölvupósturinn er stílaður á og gætu innihaldið upplýsingar sem eru trúnaðarmál. Hafir þú fyrir tilviljun, mistök eða án sérstakrar heimildar tekið við tölvupósti þessum og viðhengjum hans biðjum við þig að fara eftir 9. mgr. 47. gr. laga nr. 81/2003 um fjarskipti og gæta fyllsta trúnaðar og tilkynna okkur að þau hafi ranglega borist þér.

